

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

Hinn 8. maí 2025 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík.

Bogi Þór Siguroddsson, formaður stjórnar félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Guðbjörg Helga Hjartardóttir lögmaður, kjörin fundarstjóri og Haraldur Andrew Aikman lögmaður, fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði samþykka félagsins. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu félagsins hinn 16. apríl 2025. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum hefðu verið birtar á vefsíðu félagsins.

Lýsti fundarstjóri fundinn lögmaetan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fram kom að mættir væru á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hlutahafa sem færu með 73,51% af hlutafé félagsins.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einungis fram með rafræna kosningakerfinu Lumi AGM.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár.
3. Stjórn félagsins kjörin.
4. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári.
6. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins.
8. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.
9. Breytingar á samþykktum félagsins.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
11. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári

Bogi Þór Siguroddsson, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir meginatriði úr starfsemi félagsins á árinu.

2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir rekstrarárið sem lauk hinn 28. febrúar 2025 verði samþykktur.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu ársreikninginn samhljóða.

3. Stjórn félagsins kjörin.

Eftirtaldir einstaklingar höfðu gefið kost á sér í aðalstjórn félagsins:

- Bogi Þór Siguroddsson, kt. 191159-2849
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir, kt. 150989-3889
- Magnús Árnason, kt. 161179-4189
- Rannveig Eir Einarsdóttir, kt. 201265-3129
- Sigríður Elín Sigfúsdóttir, kt. 240855-2679

Fundarstjóri lýsti yfir að samkvæmt samþykktum félagsins skyldi stjórn þess skipuð fimm aðalmönnum. Þar sem eingöngu bárust fimm framboð til stjórnar félagsins var stjórn félagsins sjálfkjörin án þess að formlegt stjórnarkjör færi fram.

4. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins varðandi kjör endurskoðanda:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu tillöguna samhljóða.

5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna síðasta rekstrarárs heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér til hljóðs.

Hluthafar samþykktu tillöguna með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna og undirnefndum stjórnar

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 430.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 860.000 og varaformanns kr. 570.000.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 104.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 208.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 62.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 93.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.“

Fundarstjóri gat þess að samkvæmt greinargerð með tillögunni byggði hún á tillögum starfskjaranefndar félagsins og fæli í sér um 3,5% hækkun á greiðslum frá fyrra ári.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu tillöguna með tilskildum meirihluta atkvæða.

7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að gildandi starfskjarastefna félagsins verði samþykkt með breytingum.

Annars vegar er lagt til að grein 7.2 í starfskjarastefnunni verði breytt þannig að við ákvörðun kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda skuli miðað við að fjárhæð árlegra kaupaukagreiðslna geti að hámarki numið fjögurra mánaða grunnlaunum, eða 33,33% af grunnlaunum viðkomandi.

Hins vegar er lagt til að stjórn félagsins verði heimilað að samþykkja kaupréttaráætlun í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og á grundvelli hennar bjóða starfsmönnum félagsins og eftir atvikum dótturfélaga þess kauprétt að hlutum í félaginu.

Á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar skal hverjum starfsmanni sem uppfyllir skilyrði þau sem vísað er til í ákvæðinu vera heimilt að kaupa hluti í félaginu fyrir að hámarki kr. 750.000 á ári hverju í þrjú ár, á verði sem ákvarðað skal í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003.

Gerir tillagan ráð fyrir að nýju ákvæði varðandi þetta verði bætt inn í starfskjarastefnuna sem grein 9.“

Fundarstjóri reifaði greinargerð er fylgdi tillögu stjórnar, þar sem grein var gerð fyrir tilgangi hinna fyrirhuguðu breytinga.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Framkvæmdastjóri Stefnis hf. sjóðstýringarfyrirtækis, Jón Finnbogason, tók til máls og hvatti hluthafa til aukins samtals. Í kjölfarið reifaði Jón rannsóknir Stefnis hf. á kaupréttum starfsmanna í skráðum félögum á Íslandi. Jón fagnaði tillögu stjórnar um framkominni tillögu stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu.

Var tillagan borin undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta atkvæða.

8. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að Helgi F. Arnarson, kt. 030657-2339, verði kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

9. Breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að samþykktum félagsins verði breytt þannig að eftirfarandi ákvæði verði bætt við sem 3. mgr. 4. gr.:

Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að kr. 80.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði ein króna hver. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn sem gerðir hafa verið á grundvelli kaupréttaráætlunar í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Stjórn félagsins ákveður áskriftargengi hlutanna og nánari skilmála áskriftar hverju sinni, í samræmi við ákvæði kaupréttaráætlunarinnar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar hverju sinni. Heimild þessi gildir til 8. maí 2030.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta atkvæða.

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum.

11. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Engar athugasemdir bárust. Var fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:58.


Guðbjörg H. Hjartardóttir, fundarstjóri


Haraldur Andrew Aikman, fundarritari